# Meðlagskerfi.
# Ísland og önnur lönd.

Gísli Gíslason

Efnisyfirlit bls.

1. Inngangur ... 3
2. Breska skýrslan ... 4
3. Hlutfall einstæðra foreldra ... 5
4. Meðlag ... 6
5. Einkasamningar ... 7
6. Formlegir úrskurðir ... 8
7. Innheimta og greiðslutrygging á meðlagi ... 9
8. Árangur við mismunandi meðlagskerfi ... 11
9. Meðlagskerfi ... 12
9.1. Bandaríkin ... 12
9.2. Noregur ... 16
9.3. Svíþjóð ... 18
9.4. England ... 20
9.5. Ástralía ... 22
9.6. Ísland ... 24
9.7. Kanada ... 27
9.8. Danmörk ... 28
10. Breytur sem hafa áhrif á útreikning á upphæð meðlags ... 29
10.1. Lágmarksmeðlag ... 29
10.2. Hámarksmeðlag ... 29
10.3. Umgengni ... 29
10.4. Tekjur ELF ... 30
10.5. Tekjur LF ... 31
10.6. Aldur barns ... 31
10.7. Skuldbindingar ELF fyrir sjálfan sig ... 31
10.8. Skuldbindingar ELF fyrir nýja fjölskyldu ... 31
10.9. Heildartekjur eða ráðstöfunartekjur ... 31
10.10. Barnabætur og skattaleg staða ... 32
10.11. Skilnaðarbörn og fátækt. ... 32
11. Bestu hagsmunir barna ... 33
12. Ísland og önnur lönd ... 37
13. Niðurlag ... 39

Heimildarskrá ... 40

Viðauki 1. Enskt reiknilíkan ... 45
Viðauki 2. Ástralskt reiknilíkan. ... 46
Viðauki 3. Hlutfall af tekjum reiknilíkön. ... 47
Viðauki 4. Oregon reiknilíkan. ... 48
Viðauki 5. Arizona reiknilíkan. ... 49
Viðauki 6. Kansas reiknilíkan. ... 50
Viðauki 7. Samantekt á löndum. ... 51
Viðauki 8. Meðlagskerfi mismunandi landa. ... 52

# 1. Inngangur

Í lok árs 2006 eru 11948 meðlagsgreiðendur á Íslandi sem greiða meðlag með um 21468 börnum og eru það 15894 meðlagsþiggjendur. Þessi málaflokkur snertir því beint 49310 íslendinga [1].

Meðlag er almennt skilgreint sem greiðsla þess foreldris sem barnið býr ekki hjá að staðaldri til þess foreldris sem barnið býr hjá að staðaldri og greiðslan standi undir hluta af framfærslu og menntun barnsins. [2,3,4]

Tilgangur með þessu verkefni er að bera saman hvernig meðlag er reiknað út á Íslandi samanborið við nokkur vestræn lönd. Í nýlegri rannsókn, sem gerð var við Háskólann í York, voru borin saman meðlagskerfi í 14 evrópulöndum.[5] Þar sem þessi breska skýrsla er ítarleg, þá mun hjálögð skýrsla byggja að nokkru leiti á henni og bera Ísland saman við efnisþætti þeirrar skýrslu. Einnig verður borin saman útreikningsreglur nokkurra landa við að reikna út meðlag. Í bresku skýrslunni er almennt talað um non resisdence parent (NRP) og parent with care (PWC), sem skírskotar til lögheimilis foreldris (LF) og ekki lögheimilisforeldris (ELF) og verður slíkt einnig gert í þessari skýrslu.

---

[1] Innheimtustofnun Sveitarfélaganna, (2006), *Tölfræðileg úrvinnsla.*
[2] Wikipedia, The Free Encyclopedia (2007) http://en.wikipedia.org/wiki/Child_support#_note-0 (eins og birtist 29/11/2007)
[3] Child Support Policy Center (2008), aðgengilegt á http://childsupportcenter.org/aboutcs.php
[4] Child suppor law state by state (2008), Aðgengilegt á: http://www.child-support-laws-state-by-state.com/child-support.html
[5] Skinner C, Bradshaw J, & Davidson J, (2007). *Child support policy: An international perspective.* Department for work and pensiion, Research report No 405. Univeristy of York.

## 2. Breska skýrslan

Í bresku skýrslunni Child Support policy: An international perspective, þá er meðlagskerfi 14 landa borin saman. Löndin eru eftirfarandi:

a) Ástralía
b) Austurríki
c) Belgía
d) Kanada
e) Danmörk
f) Finnland
g) Frakkland
h) Þýskaland
i) Holland
j) Nýja Sjáland
k) Noregur
l) Svíþjóð
m) Bandaríkin
n) Bretland.

Skýrslan er víðtæk og var hlutverkið m.a. að rannsaka eftirfarandi atriði:

i. Hlutfall einstæðra foreldra, skilnaðar- og giftitingartíðni.
ii. Kostnað við meðlagskerfið.
iii. Stjórnkerfið í kringum meðlagskerfið.
iv. Gildi kerfisins.
v. Gildi meðlagskerfisins í samhengi við félagslega þætti eins og barnabætur og skattaívilnanir.
vi. Aðferðir við innheimtu og greiðslu meðlaga.
vii. Viðhorf almennings til meðlagskerfa viðkomandi landa.
viii. Skilvirkni og árangur kerfanna, þ.e. kostnaður við kerfið og skilvirkni.

## 3. Hlutfall einstæðra foreldra

Einstæðum foreldrum fjölgaði eftir miðja síðustu öld en það er nokkuð breytilegt hversu hátt hlutfall einstæðra foreldra er. Á Íslandi búa 23% af börnum yngri en 17 ára hjá einstæðu foreldri. Um 70,7% af heimilum á Íslandi búa börn. Af íslenskum heimilum þá eru 10,2% sem einstæðar mæður búa með börnum sínum og 0,9 % einstæðir feður. Þannig eru alls 11,2 af heimilum í landinu þar sem eitt foreldri er býr með barni eða börnum.[6]

**Tafla 1 - Hlutfall einstæðra foreldra af barnafjölskyldum og hlutfall einstæðra feðra sem hlutfall af einstæðum foreldrum.**

| | | % einstæðir foreldrar sem hlutfall af öllum fjölskyldum með börn | % af einstæðum foreldrum sem eru karlkyns |
|---|---|---|---|
| Ástralía (1994) | | 14,1 | 14,8 |
| Austurríki | | 14,6 | 3,3 |
| Belgíu | | 13,7 | 8,8 |
| Kanada | | 18,5 | 24,4 |
| Finnland | | 17,9 | 15,5 |
| Frakkland | | 14,8 | 12 |
| Þýskaland | | 15,7 | 8,4 |
| Holland (1999) | | 9,7 | 8 |
| Noreg | | 21,5 | 17,5 |
| Svíþjóð | | 23,1 | 16,3 |
| Bretland (1999) | | 24,2 | 10,1 |
| Bandaríkin | | 23,9 | 18,1 |
| Ísland 2005 | * | 15,8 | 8,0 |

Heimild: [5]
* Heimild www.hagstofa.is/uploads/files/LH06/L060210.xls

[6] Hagstofa Íslands (2008), aðgengilegt á www.hagstofa.is/uploads/files/LH06/L060210.xls

## 4. Meðlag

Almennt má flokka meðlagskerfi í tvær megingerðir. Annað er byggt á tekjum foreldra. Þar er hlutfall af tekjum kerfi, þar sem ELF greiðir í hlutfalli við tekjur sínar til LF. Viðbætt útgáfa er tekjuskiptingarkerfi, þar sem reiknað er út frá tekjum beggja. Hin megingerðin er kostnaðarkerfi, þar sem meðlag er ákveðið sem hlutfall af kostnaði við að framfæra barni. [7,18] Um þessi kerfi er fjallað nánar í kafla 9.1.

Tvær meginleiðir eru notaðar til að ákveða upphæð meðlags í þeim löndum sem breska skýslan nær til. [5]

1. Einkasamningar á milli foreldra.
2. Formlegir úrskurðir stjórnvalda. Úrskurður stjórnvalds getur verið með þrennu móti.
    a. Meðlag úrskurðað af dómstóli.
    b. Meðlag úrskurðað af stjórnvaldsstofnun.
    c. Meðlag ýmist úrskurðað af dómstóli eða stjórnvaldsstofnun.

Á Íslandi hefur meðlag verið úrskurðað af sýslumanni en með barnalögum frá 2003 var einnig dómstólum gefinn lagaheimild til að dæma meðlagsúrskurð, þegar skilnaðarmál er rekið fyrir dómstóli.[8] Þannig flokkast Ísland undir 2c hér að ofan eftir gildistöku laga 76/2003 en hefði áður flokkast undir 2b.

[7] http://www.yawiki.org/proc/child%20support kafli "determining Child support" (eins og birtist 29.11.2007)
[8] BARNALÖG (nr 76/2003), ásamt greinargerð, (2003). Dóms og kirkjumálaráðuneytið, 221bls.

## 5. Einkasamningar

Í öllum löndum sem fjallað var um í bresku skýrslunni er fólk hvatt til að gera einkasamninga (e.*private agreements*) um fyrirkomulag meðlags.[5]

i. Kostir við einkasamninga.
   - Gagnkvæmir frjálsir samningar milli foreldra, sniðnir að þeirra þörfum án afskipta hins opinbera.
   - Slíkt fyrirkomulag er einnig ódýrara fyrir samfélagið þar sem ekki kemur aðild hins opinbera við að millifæra fjármuni á milli heimila.

ii. Ókostir við einkasaminga
   - Í sumum löndum hafa einkasamningar veikt og jafnvel ekkert lagalegt gildi. Þessir samningar geta því verið ótryggir, nema hægt sé að þinglýsa eða lögfesta.
   - Slíkir samningar geta valdið ójafnvægi á milli foreldra, þar sem það foreldri sem stendur veikar að vígi er þvingað í samkomulag og samningurinn jafnvel notaður sem vopn í samskiptum aðila.[5]

Í Noregi er opinber stefna að sem flestir skulu semja um meðlag í einkasamningum.[9] Í breskum rannsóknum hefur verið sýnt fram á að meirihluti foreldra telji það eðlilegast að foreldrar semji beint sín á milli um fyrirkomulag og upphæð meðlags.[10] Það að foreldrum sé gefinn sem víðtækastur réttur til að semja, án milligöngu hins opinbera um sem flesta hluti er lúta að uppeldi og framfærslu barns er í anda þess að framfærsla og uppeldisskyldur foreldra er samkvæmt einkarétti.[5], [9] Á Íslandi er ekki hvatt sérstaklega til einkasamninga enda óheimilt að semja um lægra en einfalt meðlag og það fer ávallt í gegnum Innheimtustofnun. Að þessu leyti sker Ísland sig frá þeim 14 löndum sem skýrslan fjallar um.

[9] Barne og likestillingsdepartamentet (2007) http://www.regjeringen.no/nb/dep/bld/dok/regpubl/stmeld/2006-2007/Stmeld-nr-19-2006-2007-/9.html?id=470168 (30.11.07)

[10] Adele Atkinson, Stephen McKay and Nicola Dominy (2006) Future policy options for child support: The views of parents. Department for Work and Pensions Research Report No 380, 110 bls. Aðgengileg á: http://www.dwp.gov.uk/asd/asd5/rports2005-2006/rrep380.pdf

# 6. Formlegir úrskurðir

Í þeim 14 löndum sem breska skýrslan [5] náði til eru lög sem skylda LF til að krefja ELF um meðlag. Það er breytilegt hvernig skuldbinding ELF er reiknuð en draga má eftirfarandi þætti saman:

1. Flest löndin taka tillit til skuldbindinga sem ELF hefur við að sjá fyrir sjálfum sér og nýrri fjölskyldu.
2. Öll löndin taka tillit til umfang samvista (umgengni) barns við ELF. Þannig leiðir alltaf aukin umgengni til lægri meðlagsupphæðar.
3. Í öllum löndum falla greiðslur nánast niður þegar um jafna umönnun er að ræða.
4. Í 10 löndum af þeim 14 sem skýrslan nær til, falla meðlagsgreiðslu niður við jafna umgengni og skiptir þá ekki máli hugsanlegur tekjumunur foreldranna.

Aðferðir í flestum löndum við að reikna út meðlag byggir á reiknilíkönum og þannig er ákvörðun um hvert meðlag sjálfstæð ákvörðun sem leiðir til að upphæð meðlags er breytileg í hverju máli.[5]

Á Íslandi ber öllum að greiða lágmarksmeðlag og er það óháð umfangi samvista og tekjum LF. Samkvæmt upplýsingum frá Dómsmálaráðuneytinu þá er kröfu um aukið meðlag frekar hafnað, þegar forsjá er sameiginleg, þrátt fyrir að ELF hafi góðar tekjur, ef sýnt þykir að barnið njóti góðs af þessum tekjum með öðrum hætti. Á hinn bóginn hefur verið gengið út frá þeirri forsendu barnalaga, að barn eigi sér eitt heimili og því heimilishaldi fylgi ákveðinn kostnaður, sem endurspeglist í lágmarksmeðlaginu.[11] Ísland sker sig þannig frá þeim14 löndum sem breska skýrslan fjallar um að ELF ber ávallt að greiða lágmarksmeðlag óháð umfangi samvista barna á heimili sínu. Í 14 ríkjum Bandaríkjanna þarf ELF að greiða lágmarksmeðlag óháð tekjum og hvort viðkomandi hafi atvinnu en lágmarksmeðlag þar er algengt 50 USD á mánuði [12]

[11] Dómsmálaráðuneytið (2008), Haukur Guðmundsson, uppl í e-maili 19.2.08.
[12] National Center for Children in Poverty (2004), aðgengilegt á http://www.nccp.org/publications/pub_539.html

## 7. Innheimta og greiðslutrygging á meðlagi

Flest lönd hafa einhvers konar innheimtustofnun sem millifærir meðlag frá ELF til LF. Það er þó breytilegt á milli landa og í bresku skýrslunni eru löndin flokkuð eftir hversu umfangsmikil starfsemi Innheimtustofnunar er í viðkomandi landi[5]

**Tafla 2 – Skipting landa eftir mikilvægi Innheimtustofnana við að millfæra meðlagsgreiðslur.**

| A | B | C |
|---|---|---|
| Innheimtustofnun ráðandi | Innheimtustofnun til en ekki ráðandi | Innheimtustofnun nánast ekki til |
| Ástralía | Kanada (Ontario) | Austurríki |
| Danmörk | Svíþjóð | Belgía |
| Finnland | Holland | Frakkland |
| Nýja Sjáland | Bandaríkin | Þýskaland. |
| Noregur | | |
| England | | |

Ísland myndi flokkast undir A hóp ríkja, enda greiðir ELF grunnmeðlög til Innheimtustofnunar Sveitarfélaga, sem svo millifærir til Tryggingarstofnunar ríkisins sem greiðir út meðlag til LF.

Sum lönd sem leyfa og jafnvel hvetja almennt til einkasamninga krefjast þess í vissum tilvikum að meðlag fari í gegnum opinbera Innheimtustofnun. Þetta á sértaklega við ef LF þiggur félagslegar bætur og þannig er það m.a. í Kanada-Ontario, Nýja Sjálandi, Hollandi, Englandi og í sumum fylkjum Bandaríkjanna. Ef meðlag er ákvarðað fyrir dómsstóli (Kanada, Ontario), þá verður greiðslan að fara í gegnum opinbera Innheimtustofnun.[5]

Úrlausnir við innheimtu ógreiddra meðlaga eru svipaðar í flestum löndum. Á einn eða annan hátt er hægt að ganga að launum meðlagsgreiðenda til að innheimta vangoldin meðlög.[5]

Sum lönd ábyrgjast greiðslur meðlags til LF. Þessi lönd eru Austríki, Belgía, Danmörk, Finnland, Frakkland, Þýskaland, Noregur og Svíþjóð[5]. Ísland fyllir þennan hóp enda greiðir Tryggingarstofnun út meðlag til LF óháð því hvort ELF hafi staðið í skilum við Innheimtustofnun Sveitarfélaga.[8] Kostir við slíkt kerfi er að LF fær alltaf meðlag greitt. Slíkt kerfi getur aftur á móti verið dýrt að reka og víða gengur innheimta meðlaga treglega. Af þeim löndum sem hafa þetta kerfi þá er aðeins Finnland og Danmörk með innheimtuhlutfall yfir 50% af útgjöldum, en finnar innheimta 65% og danir um 88%.[5] Rannsóknir sem greinarhöfundur hefur undir höndum um ástæður vanskila meðlagsgreiðenda í Bandaríkjunum, sýna að langoftast eru það greiðsluerfiðleikar sem orsaka vanskilin en ekki að menn vilji vísvitandi ekki greiða.[13] Aðrar rannsóknir benda á hið gangstæða.[16] Í Bandaríkjunum eru eftirfarandi hugtök: *"deadbeat dads"* sem eru feður sem hafa greiðslugetu en greiða ekki meðlag og *"beaten down dads"* sem eru feður í vanskilum vegna greiðsluerfiðleika.[16]

[13] Harbingar Press, Fact on child support (2008) aðgengilegt á: http://harbpress.com/fm_wheresdaddy/ocse_failure.htm (05.0.08)

Í Bandaríkjunum er árangur við innheimtu meðlaga breytilegur en áætlað er að:

- eitt ríki nái að innheimta 81-100% af meðlögum.
- 13 ríki innheimti um 61-80 % af meðlögum.
- 31 ríki innheimti um 41-60 % af meðlögum.
- 5 ríki innheimti um 21-40 % af meðlögum.
- 1 ríki innheimtir minna en 20% af meðlögum. [12]

Besta ár í sögu Innheimstustofnunar Sveitarfélaga á Íslandi m.t.t. innheimtuhlutfalls var árið 2006 en þá var 83,6 % innheimt samanborið við 60,6 % árið 1994.[1] Á þessu tímabili hækkaði launavísitalan um 220,2 %[14] á meðan neysluvísitalan hækkaði um 153%[15] og meðlag hækkaði um 167,5%[1]. Almennt hefur því launavísitalan hækkað umfram neysluvísitölu og hækkun meðlags. Það má álykta að það hafi skilað sér í betri innheimtu meðlaga ásamt skilvísum vinnubrögðum stofnunnarinnar.

[14] Hagstofa Íslands (2008) aðgengilegt á: http://www.hagstofa.is/?PageID=635&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIS04000%26ti=Breytingar+m%E1na%F0arlegrar+launav%EDsit%F6lu+1989%2D2007+++++%26path=../Database/visitolur/launavisitala/%26lang=3%26units=Vísitala/hlutfall

[15] Hagstofa Íslands (2008), aðgengilegt á: http://www.hagstofa.is/?PageID=711&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIS01000%26ti=Breytingar+%E1+v%EDsit%F6lu+neysluver%F0s+fr%E1+1988%26path=../Database/visitolur/neysluverd/%26lang=3%26units=Vísitölur%20og%20hlutföll

## 8. Árangur við mismunandi meðlagskerfi

Þegar svarendur frá hinum ýmsu löndum voru spurðir um kosti og galla kerfanna þá mátti draga saman að meðal kosta væru reglulegar greiðslur til LF (Ástralía, Austurríki, Danmörk, Finnland, Frakkland, Noregur og Svíþjóð) og ákveðin trygging á réttindum barna (Ástralía, Belgía, Danmörk, Finnland, Þýskaland, Holland, Noregur og Svíþjóð). Algengasta gagnrýnin var að stjórnvöld tækju ekki nægjanlega tillit til raunþarfa barna. Það vantaði gegnsæi í kerfið og hvaða forsendur lægju á bakvið upphæð meðlags og mörgum fannst vanta upplýsingar um raunverulegan framfærslukostnað. Breska skýrslan segir jafnframt að kerfið í Bretlandi virtist dýrast m.v. rekstrarkostnað sem hlutfall af þeim fjármunum sem stofnunin millifærir. [5]

Í sumum löndum þar sem hvatt er til einkasamninga, þurfa foreldrar að greiða þjónustu gjöld ef meðlag er millifært í gegnum Innheimtustofnun. Þjónustugjaldið er ætlað til að standa undir hluta kostnaðar sem hlýst við að reka Innheimtustofnun. Sú staðreynd að það kosti fyrir ELF og/eða LF að millfæra fjármuni í gegnum slíka stofnun getur einnig virkað hvetjandi fyrir foreldra að semja beint sín á milli og greiði meðlag milliliðalaust. Dæmi um slíkt fyrirkomulag er í Noregi.[9] Á Íslandi er ekki innheimt þjónustugjald hjá Innheimtustofnun Sveitarfélaganna, enda hafa ELF og LF takmarkað val um annað en að grunnmeðlag fari í gegnum hið opinbera kerfi.

# 9. Meðlagskerfi

## 9.1. Bandaríkin

Þróun alríkislaga um fyrirkomulag meðlaga í Bandaríkjunum
Úrkurðir um upphæð meðlaga í Bandaríkjunum eru málefni hvers ríkis og er úrkurðað ýmist af dómstól eða sýslumanni. Innheimta meðlaga gat orðið flókin ef foreldrar bjuggu hvort í sínu fylkinu. Árið 1975 voru sett alríkislög sem hétu Child support enforcement (CSE). Með tilkomu CSE laganna var sett á fót stofnun sem hét Office of Child Support Enforecement (OCSE) og gátu foreldrar ákveðið að meðlagsgreiðslan færi í gegnum OCSE.[16]

Árið 1984 voru gerðar viðbætur við CSE þar sem öllum ríkjum var gert skilt að setja lög til að tryggja betur innheimtu meðlaga og gátu ríki einnig tilkynnt til lánastofnana ef fólk var á vanskilaskrá. Tilgangurinn var að tryggja betur innheimtu frá ELF og greiðslu til LF.[17]

Árið 1988 voru sett ný alríkislög "*The family Support Act*" sem skyldaði öll ríki til að útbúa leiðbeinandi reiknilíkön sem dómstólar yrðu að vinna útfrá þegar dæmd væri upphæð meðlags. Tilgangurinn með að skylda ríki til að útbúa reiknilíkan var að auka vægi hlutlægs reiknings og minnka að sama skapi vægi huglægs þáttar þegar upphæð meðlags er ákveðin. Þessu skildi lokið fyrir Október 1989 og öllum ríkjum var einnig gert skilt að endurskoða reiknilíkönin á 4 ára fresti.[17] Flest ríki mættu þessari kröfu á tilsettum tíma 1989 en gagnrýnendur vildu meina að þar sem tíminn var það stuttur þá notuðu mörg ríki einfaldasta reiknilíkanið.[19]

Árið 1992 var samþykkt svonefnd "*Child Support Recovery Act*" lög, þar sem það var skilgreint sem brot gegn alríkislögum að greiða ekki meðlag vísvitandi, enda væri greiðslugeta til staðar.[17]

Meðlagskerfi í dag.
Í Bandaríkjunum eru 3 meginleiðir við að ákveða meðlag. Þær endurspegla bæði sögulega þróun meðlagskerfa sem og mismunandi samfélög í hinum ýmsu ríkjum vestan hafs. Þessar 3 leiðir eru:[18]

a) Hlutfall af tekjum ELF (Percent of income)
b) Framfærsluskiptingarkerfi (Cost sharing model)
c) Tekjuskiptingarkerfi(Income Share model)

a) Hlutfall af tekjum (Percent of income)
Að ákveða meðlag sem hlutfall af tekjum ELF er elsta meðlagkerfið og trúlega það einfaldasta. Þetta kerfi er upprunið í samfélaginu þar sem faðir var útivinnandi og móðir heimavinnandi. Við skilnað voru börnin áfram hjá móður sem oft gat verið umkomulaus og tekjulítil eftir að hafa verið heimavinnandi alla ævi. Í þessu samfélagi þótti og þykir eðlilegt

[16] Sorensen, E, & Turner, M, (1997), , Barriers in Child Support Policy: A review of litterature. National Center on Fathers and Families University of Pennsylvania, 25 pages.
[17] Child Support Laws State by State, history (2008) aðgengilegt á: http://www.child-support-laws-state-by-state.com/child-support.html
[18] Gray, R.F, Palumbo, J, (1998), The child support guideline problem, May 6, 1998. aðgengilegt á http://adrr.com/law1/csp11.htm

að faðir greiði hlutfall af sínum launum til heimilis móður og sér faðir jafnvel áfram um framfærslu heimilisins að hluta eða öllu leyti.

Við breytt samfélag fóru konur út á vinnumarkaðinn og karlar urðu virkari í uppeldi og heimilisstörfunum. Við þær aðstæður komu fram kröfur um endurskoðun á þessu kerfi. Í lok síðustu aldar urðu þannig til tvö ný kerfi sem bæði tóku tillit til tekna beggja foreldra en annað kerfið byggði alfarið á tekjum beggja en hitt á framfærslukostnaði barns. Meðlagskerfi, "hlutfall af tekjum" ELF, lifir enn í strjálbýlli ríkjum Bandaríkjanna, eins og Norður Dakota, Alaska, Georgíu og Wisonsin (sjá viðauka 3).[18]

b) Framfærsluskiptingarkerfi. (Cost sharing model).
Árið 1981 urðu nokkur tímamót þegar hæstiréttur Oregon neitaði að nota reiknilíkan til meðlagsúrkurðar, sem ríkið notaði við að reikna út opinberar barnabætur vegna velferðamála. Þetta mál var nefnt "Smith vs Smith". Niðurstaða dómsins var sú að reiknilíkan velferðarmála byggði í grunnin á öðrum forsendum en þegar ákveða ætti meðlag við skilnað foreldra. Velferðarformúla er til að hámarka ákveðnar greiðslur af skattpeningi til ákveðinna nota eða verkefna. Það væri ekki rétt að nota sömu forsendur við meðlagsákvörðun, þar sem hámörkun á meðlagsgreiðslum væru ekki endilega bestu hagsmunir foreldra og barna, heldur þyrfti að meta alla þætti í víðara samhengi. Úr varð að dómurinn studdist við reiknilíkan sem þróað var af Maurice R. Franks. Grunnforsendur voru eftifarandi:

- Hvað kostar að framfæra barni.
- Hve miklar tekjur hafa báðir foreldrar.
- Hve mikinn tíma dvelst barnið hjá hvoru foreldri.[18]

c) Tekjuskiptingarkerfi (Income Share model).
Þetta líkan byggir fyrst og fremst á tekjum beggja foreldra, en tekjur beggja eru notaðar sem viðmið í þessu kerfi. Það var búið til af Robert Williams og hann kynnti það fyrst árið 1987 í skýrslunni, *"Development of Guidelines for Child Support Orders: Advisory Panel Recommendations and Final Report."* for the U.S. Department of Health and Human Services, Office of Child Support Enforcement. Í framhaldi af skýrslunni voru sett alríkislögin "*The Family Support Act*".[19]

Eigin framfærsla.
Gagnrýni á tekjuskiptingarkerfið hefur verið nokkur, sérstaklega þar sem það tekur ekki tillit til samvistatíma barna við ELF. Höfundur kerfisins Robert Williams hefur þannig fengið orð á sig fyrir að vera andsnúinn ELF en hann rekur umfangsmikla einkastofu sem millifærir meðlög á milli heimila. Framfærsluskiptingarkerfið tekur tillit til samvista barna á báðum heimilum. Gagnrýnendur vilja meina að þar sé sá galli að ekki sé gert ráð fyrir lágmarks framfærsluþörf ELF eða LF áður en reiknuð er ráðstöfunarupphæð sem notuð er til útreiknings á meðlagi. Þannig geti ELF greitt meðlag en ekki haft nægjanlegt fyrir sig að bíta og brenna. Í svonefndu "*Delaware model*" eru bæðir skattar og lágmarksframfærsla ELF og LF dregin frá heildarlaunum áður reiknuð er út geta til meðlagsgreiðslu. Lágmarksframfærslan er nefnd "*self-support reserve*" og byggir á því að áður en greiðslugeta til meðlags er reiknuð út, þá skuli draga frá það sem viðkomandi þarf til að framfleyta sér.[18]

[19] Fathermag.com (2008). http://www.fathermag.com/907/child-support/part2b.shtml

Hámarksmeðlag og makalífeyrir.
Þegar meðlag er orðið mjög hátt, þá eru taldar miklar líkur á því að það sé ekki einvörðungu notað í þágu barns. Þetta sé augljóst t.d. þegar LF er heimavinnandi og ELF sér áfram um framfærslu heimilisins eftir skilnað. Það hefur verið bent á að eðlilegra sé að aðgreina á milli meðlags annars vegar og makalífeyris (*spousal alimony*) hinsvegar. Meðlag sé jú ætlað til framfærslu barna en ekki sem lífeyrir LF. Í raun sé þannig ólöglegt að ráðstafa meðlaginu nema í þágu barnanna. Í sumum ríkjum er því sérstaklega úrskurðað um meðlag annarsvegar og makalífeyrir hinsvegar. 18

Í samanteknum yfirlitum yfir hin ýmsu meðlagskerfi segir að flestir séu sammála um eftirfarandi grunnforsendur fyrir meðlagsfyrirkomulagi.[18]

1. Meðlag er til framfærslu (care and maintenance) barns.
2. Báðir foreldrar hafa jafnar skyldur til að styðja við sitt barn.
3. Allar upplýsingar um aðstæður geta haft áhrif á ákvörðun um upphæð meðlags.

Árið 1989 voru samþykkt í Oregon lög *"Oregon revised statute, ORS 107.105, 1989"* sem skilgreyna forsendur fyrir ákvörðun um upphæð meðlags. Athyglisvert er að í lögunum eru sett skýr ákvæði um að dómstóll getur krafið LF um að sanna að meðlag sé ráðstafað í þágu barns. Við ákvörðun um upphæð meðlags skal taka tillit til:

1. Fjárhagsgetu beggja foreldra.
2. Eigin framfærslugetu hvors foreldris.
3. Kostnað við leikskóla ef LF vinnur úti.
4. Kostnað við allt það er lýtur að leik, menntun, þörfum og áhugamálum barns.
5. Fjárhagslegs aðstöðumunur sem getur skapast af mismunandi skattalegri stöðu hvors foreldris m.a. vegna hugsanlegs makalífeyris, annarra meðlagsgreiðslna og barnabóta.
6. Kostnaðar vegna ferðalaga barns á milli heimiila (exercise of visitation).
7. Kostnaðar vegna tengsla barns við önnur ættmenni (other relationships).
8. Kostnaðar vegna annarra þátta sem dómstóll getur tekið sem gildan við ákvörðun á meðlagsupphæð.

Lágmarksmeðlag í Bandaríkjunum.
Það er hægt að skoða reiknivélar á netinu sem notaðar eru í hverju fylki sem leiðarvísir fyrir ákvörðun á meðlagi. Sameiginlegt með flestum ríkjum Bandaríkjanna er að meðlag (child support) getur farið línulega niður í nánast enga upphæð ef ELF er tekjulár en getur hækkað línulega með t.d. auknum tekjum ELF [20] Það eru 14 ríki sem setja lágmarksmeðlag en það er 120 USD á mánuði í Arkansas og víða 50 USD á mánuði.[12] Í Norður Dakota, er hægt að reikna meðlag niður í 28 USD pr. mánuð og upp í háar fjárhæðir með auknum tekjum ELF.[21]

Aðrar breytur sem hafa áhrif
Í Viðauka 4 er reiknilíkanið fyrir Oregon. Það tekur tillit til mun fleiri þátta en "hlutfall af tekjum kerfi" sem eru í Viðauka 3. Í reiknilíkani fyrir Oregon er þó ekki tekið tillit til samvista með reikninglegum hætti, en það er gert í Arizona (viðauka 5). Þar er einnig tekið

[20] AllLaw.com, The internet's Premiere Law Portal (2008). http://www.alllaw.com/calculators/ChildSupport/
[21] Allaw.com, The internet´s premiere law portal (2008) http://www.alllaw.com/calculators/ChildSupport/North_Dakota/ (07.01.08)

tillit til aldurs barns þ.e. annar reiknisstuðull er fyrir börn eldri en 12 ára. Í Kansas er aldursskipting í 0-6 og 7-15 ára (viðauki 6).

Í öðrum fylkjum eru breyturnar fleiri eins og t.d. í Kaliforníu er reiknað út frá tekjum beggja foreldra og skuldbindingu beggja foreldra til annarra barna og einnig kemur umgengni inn í þetta reiknilíkan.[22] Í Massachusetts er einnig tekið tillit til aldurs barns sem reikna á út meðlag.[23] Að samanteknu endurspegla meðlagskerfin í Bandaríkjunum nánast alla flóru meðlagskerfa.

[22] Allaw.com, The internet´s premiere law portal (2008) http://www.alllaw.com/calculators/ChildSupport/California/ (07.01.08)
[23] Allaw.com, The internet´s premiere law portal (2008) http://www.alllaw.com/calculators/ChildSupport/Massachusetts/ (07.01.08)

## 9.2. Noregur

Meðlagskerfi til 2003.
Í Noregi var meðlag lengi ákveðið sem hlutfall af heildartekjum ELF. Þannig greiddi ELF:

- 11% af heildarlaunum fyrir 1 barn.
- 18% af heildarlaunum fyrir 2 börn.
- 24% af heildarlaunum fyrir 3 börn.
- 28% af heildarlaunum fyrir 4 eða fleiri börn.

Þetta gilti ef foreldrar gátu ekki komið sér saman um upphæð meðlags og hið opinbera úrskurðaði þar um. Ef barn aftur á móti dvaldi 152 daga eða lengur hjá ELF, þá giltu reglur fyrir sameiginlega forsjá og var þá tekið tillit til samvista. Ef samvistir náðu hinsvegar ekki 152 dögum, þá giltu ofangreindar prósentutölur. ELF greiddi einnig allan ferðakostnað sem hlaust af samvistum. Vaxandi óánægja varð með þetta fyrirkomulag, enda fannst mörgum það ekki endurspegla tíðarandann um hlutverk kynjanna. Allt þetta varð til þess að kerfið var endurskoðað.[24]

Nýtt meðlagskerfi.
Þann 1. október 2003 tóku gildi ný lög um fyrirkomulag meðlags í Noregi.[25] Frá þeim tíma er meðlag reiknað út samkvæmt ákveðnu reiknilíkani sem er leiðbeinandi fyrir endanlegri ákvörðun.[26] Reiknilíkanið byggir m.a. á eftirfarandi þáttum:[26,27,28,29]

a) Hvað kostar að framfæra barni (opinber staðall).
b) Hve mikið barnið er á báðum heimilum. [29]
c) Hve miklar barnabætur báðir foreldrar fá.
d) Hve miklar tekjur báðir foreldrar hafa, reiknað út frá ráðstöfunartekjum. [26]

Framfærslukostnaður =
Framfærslustaðall barns, sem breytist með aldri barns. (sjá að neðan)
+ húsnæðiskostnaður kr 1 300
+ leikskólagjöld, dagmæður e.þ.h.
- barnabætur kr 970
- ungbarnabætur eru breytilegar.

Framfærslustaðall er reiknaður eftir aldri barns og skiptist í 3 hópa:

a. 0 - 5 ára kr 3 010
b. 6 - 10 ára kr 4 080
c. 11-18 ára kr 5280.[27]

[24] Foreningen 2 foreldre (1995), Hvordan ta var på familien etter samlivsbrudd 32 sider.
[25] Regjeringen.no (2008) aðgengilegt á: http://www.regjeringen.no/nb/dokumentarkiv/Regjeringen-Bondevik-II/Barne--og-familiedepartementet/249785/244105/Barnebidrag---endringer-i-regelverket.html?id=422283
[26] Noges Arbeids- og velferdsforvaltningen (NAV) (2008) http://tjenester.nav.no/bidragsveileder/servlet/dispatcher/validerinputunderhold (01.12.07)
[27] Noges Arbeids- og velferdsforvaltningen (NAV) (2008) http://tjenester.nav.no/bidragsveileder/servlet/dispatcher/hjelpunderhold (30.11.07)

Reiknistuðull vegna framfærslukostnaðar hækkar með auknum aldri. Í reiknilíkanið kemur einnig umfang samvista barns hjá ELF. Það er miðað við 5 mismunandi samvistaflokka, þar sem auknar samvist barns við ELF hefur áhrif til lækkunar á meðlagi.[28]

a) Samvistaflokkur 00 (0-1 nætur eða dagar í mánuði)
b) Samvistaflokkur 01 (2-3 nætur eða dagar í mánuði)
c) Samvistaflokkur 02 (4-8 nætur eða dagar í mánuði)
d) Samvistaflokkur 03 (9-13 nætur eða dagar í mánuði)
e) Samvistaflokkur 04 (14-15 nætur eða dagar í mánuði)

Með háum tekjum ELF getur meðlagsupphæð orðið nokkuð há. En með auknum tekjum LF og lækkandi tekjum ELF, þá lækkar mánaðarleg meðlagsgreiðsla og getur jafnvel fallið niður. Einnig lækkar meðlagsfjárhæðin með aukinni umgengni. Meðlagið hækkar eða lækkar eftir breytum reiknilíkansins. Kerfið tekur einnig reikningslega til skuldbindinga ELF til nýrrar fjölskyldu.[29]

Einkasamningar.
Eins og áður er getið, þá eru foreldrar í Noregi hvattir til að gera einkasamninga um framfærslu barna (privat avtale).[29]

Ferðakostnaður.
Frá árinu 2002 skiptist ferðakostnaður í hlutfalli við tekjur beggja foreldra. Ef báðir foreldrar hafa jafn há laun, þá skiptist ferðakostnaður jafnt.[30] Með efnislegum rökum getur annað foreldrið sótt um breytingu fyrir dómi eða hjá Sýslumanni (Fylkesmann).[31] Í Noregi er það álitin sameiginleg skylda foreldra að sjá til þess að barnið umgangist báða foreldra sína og þeirra stórfjölskyldur.

Reynslan af kerfinu.
Þetta kerfi hefur verið við lýði í Noregi síðan 2003. Í kerfinu er ákveðin viðurkenning á því að barnið tilheyri tveimur heimilum, þó lögheimili sé ávallt hjá öðru foreldrinu. Í upphafi var kerfið umdeilt. Staðreyndin er samt sem áður sú að færri foreldrar deila nú um meðlag en áður. Ástæðuna má e.t.v. rekja til þess frelsis sem foreldrar hafa til að ljúka málunum sjálfir án afskipta hins opinbera. Almennt er víðtækari sátt um þetta kerfi samanborið við hið gamla kerfi þar sem upphæð meðlags var nánast alfarið úrskurð sem hlutfalli af heildartekjum ELF.[32,33]

---

[28] Noges Arbeids- og velferdsforvaltningen (NAV) (2008) http://tjenester.nav.no/bidragsveileder/servlet/dispatcher/samvaersfradrag (02.01.08)
[29] Trygdeetaten, (2006), *http://bidragsveileder.trygdeetaten.no/bidragsveileder/servlet/dispatcher/* [03.04.06]
[30] Verdens Gang (2008), Norskt dagblað. Reiknivél til að reikna út hvernig kostnaðurinn skiptist má finna á: *http://www1.vg.no/dinepenger/kalkulator/kalkulator.php?id=3240* [03.02.08]
[31] Regjeringen.no (2008) aðgengilegt á: http://www.regjeringen.no/nb/dep/bld/dok/veiledninger_brosjyrer/2001/Hovedinnholdet-i-de-nye-bidragsreglene.html?id=87815 (02.02.08)
[32] Aftenposten (2003), Få klager etter nye bidragsregler e. Aðgengilegt á http://www.aftenposten.no/nyheter/iriks/article670441.ece
[33] P4, Radio hele Noreg, Ida Jevne, (2008), *http://www.p4.no/story.asp?id=180134*. [03.02.08]

## 9.3. Svíþjóð

Foreldrar í Svíþjóð eru framfærsluskyldir þar til barnið er 18 ára og til 21 árs ef það er í námi. Meðlag geta foreldrar samið um en ef það gengur ekki þá úrskurðar dómstóll upphæðina. Underhållsbidrag er upphæð meðlags ákveðin með samkomulagi foreldra en Underhållsstödet, er meðlag greitt út af opinberri innheimtustofnun sem innheimtir hjá ELF.

Við mat á upphæð eru eftirfarandi þættir hafðir til hliðsjónar:

a. Framfærslustaðall (Grunnstuðull=Schablonbelopp=basbeloppet 2007 = 40.300 SEK á ári)
b. Ráðstöfunartekjur beggja foreldra eftir skatt (heildartekjur – skattur)
c. Af ráðstöfunartekjum beggja foreldra er dreginn áætlaður framfærslukostnaður (bíll, íbúð, matur, ný börn o.s.frv.).
d. Niðurstaðan þegar búið er að draga frá skatt og framfærsluskostnað verður "framlegð" sem er notuð til útreiknings á meðlagi.

Aldur barns.

Framfærslustaðall (Schablonbelopp=basbeloppet) er 40.300 SEK á ári fyrir árið 2007 og er það grunnurinn að því að reikna út meðlagsupphæð. Við mismunandi aldur barns reiknast ákveðið hlutfall af stuðlinum.[34]

| Aldur barns | % af framfærslustuðli | Mánaðarleg framfærsla barns |
|---|---|---|
| 0 - 6 ára | 65 | 2183 |
| 7 - 12 ára | 80 | 2647 |
| 13 ára og eldri | 95 | 3190 |

ÚTREIKNAÐ MEÐLAG = FsB x Felf/(Felf+Flf)
Fsb=Framfærslustuðull barns
Felf=framlegð ELF
Flf=framlegð LF

Lágmarksmeðlag.

Ef ELF hefur útreiknaða greiðslugetu sem er minna en 1173 SEK á mánuði þá greiðir Tryggingastofnun (försakringskassan) það sem uppá vantar til að upphæðin verði a.m.k 1173 SEK. Tryggingastofnun á svo endurkröfurétt á ELF en á ekki kröfu á að innheimta meir en það sem er greitt út. [34]

Samvistir.

Samvistir hafa áhrif á upphæð meðlags. Forsenda fyrir því er að barnið dvelji að lágmarki, annað hvort 5 sólarhringa samfellt hjá ELF eða 6 sólarhringa alls í mánuði til að fá viðurkennda frádrátt vegna samvista. Fyrir hvern dag dregst 1/40 af útreiknuðu meðlagi [35]

Skuldbindingar foreldra við sig og nýja fjölskyldu.

Framfærslustuðull fyrir foreldra er 120% af framfærslustuðli barns. Í vissum tilvikum getur ELF og LF einnig fengið frádrátt fyrir nýjan maka, og er þá miðað við 60% af

[34] Familjerätt på nätet, (2008), http://www.famratt.com/underhall/und_berakning.htm [05.02.08]
[35] Familjerätt på nätet, (2008), http://www.famratt.com/underhall/und_stod_bidrag.htm

framfærslustuðli barns. Ef nýtt barn er á heimili ELF eða LF þá dregst 40% af framfærslustuðli barns áður en "framlegð" til útreiknings meðlags er fundin út. Allt eru þetta frádráttarliðir sem ELF og LF geta látið taka tillit til við ákvörðun á meðlagi.[34]

Jöfn búseta barns.

Við jafna búsetu greiðir hvort foreldri fyrir sig þann breytilega kostnað sem fylgir því að hafa barn á heimili. Að auki eru föst útgjöld, eins og föt, leikskólagjöld, skólaferðalög, tómstundaiðkanir osfrv. Það er mælst til að foreldrar komi sér sama um skiptingu á þessum útgjöldum. Ef foreldrar ná ekki samkomulagi um skiptingu á þessum útgjöldum þá geta þau leitað til fjölskylduráðgjafar og ef það gengur ekki þá er hægt að fá úrskurð fjölskyldudómstóls hvernig kostnaðarskipting eigi að vera. Við úrslausn á því er gjarnan notað svipað reiknilíkan og við úrskurð á meðlagi. [36]

Ferðakostnaður.

Þó ELF beri kostnað vegna umgengni þá ber báðum foreldrum skilda til að leggja sitt af mörkum til að tryggja samvistir barns við báða foreldra. Þetta á sérstaklega við ef kostnaður er hár og ef LF hefur háar tekjur.[37] Nái foreldrar ekki sátt um skiptingu ferðakostnaðar þá er hægt að fá það úrskurðað. Það er hægt að nálgast töflureikni sem notaður er til viðmiðunar. [38] Þá skiptist ferðakostnaður í réttu hlutfalli við ráðstöfunartekjur beggja.[37]

[36] Familjerätt på nätet, (2008), http://www.famratt.com/underhall/und_vxvisfordelning.htm
[37] Familjerätt på nätet (2008) http://www.famratt.com/underhall/und_reskostnad.htm (02.02.08)
[38] Familjerätt på nätet (2008) http://www.famratt.com/resekostnad/resekostnad_kalkyl.xls (02.02.08)

## 9.4. England

Í Englandi var sett á fót nýtt kerfi árið 2003. Gamla kerfið þótti óskýrt enda gátu allt að 108 breytur verið í forsendum meðlagsúrskurðar. Kvartanir um meðlagsmál fjölgaði sífellt sem leiddi til þess að nýtt kerfi var hannað.[39] Í núverandi kerfi eru 3 meginbreytur sem eru forsendur fyrir meðlagsúrskurði:

1. Tekjur meðlagsgreiðanda.
2. Fjöldi barna sem greiða þarf með og fjöldi annarra barna sem eru á framfæri meðlagsgreiðanda.
3. Umfang samvista (umgengni).

Lágmarksmeðlag.
Ráðstöfunartekjur eftir skatta (nettó) eru notuð í nýja kerfinu sem viðmið en ekki heildartekjur.[40] Ef ELF er með 100 GBP eða minna í ráðstöfunartekjur á viku, þá greiðir viðkomandi 5 GBP í meðlag á viku eða um 20 pund á mánuði sem er lágmarksmeðlag.[41]

Ef ELF er með hærri ráðstöfunartekjur en 200 GBP á viku er meðlag ákveðið sem hlutfall af tekjum: [42]

a) 15%, ef það er eitt barn sem greiða þarf með.
b) 20%, ef það eru tvö börn sem greiða þarf með.
c) 25%, ef það eru þrjú börn sem greiða þarf með.

Í BA ritgerð sem Anna Ýr Böðvarsdóttir skrifaði við lagadeild Háskólans í Reykjavík var kerfið í Bretlandi borið saman við það íslenska miðað við mismunandi tekjur ELF. Niðurstaðan var að ELF með lágar tekjur greiddu hærra meðlag á Íslandi en ELF í Bretlandi. Við háar tekjur ELF snerist þetta við og þá greiddi ELF í Bretlandi meira en ELF á Íslandi.[43]

Skuldbinding við nýja fjölskyldu.
Í Englandi er einnig tekið tillit til þess ef ELF hefur börn/barn á sínu heimili. Ef tekið er dæmi um ELF sem er með tvö börn á sínu heimili og greiðir með einu barni af fyrra hjónabandi og ráðstöfunartekjur viðkomandi eru 2000 GBP á mánuði. Þar sem tvö börn eru á heimilinu dragast 20% frá ráðstöfunartekjum hans eða 400 GBP( 20% m.v. tvö börn á heimili ELF) áður en meðlagsupphæð er reiknuð. Upphæð meðlags er svo 15% af því sem eftir stendur (1600 GBP). Viðkomandi greiðir því 240 GBP með barninu úr fyrra hjónabandi, miðað við að engin umgengni sé. Skuldbinding við nýja fjölskyldu er því með reikningslegum hætti…

---

[39] BBC News (2001) http://news.bbc.co.uk/1/hi/uk/1419422.stm (02.02.08)
[40] Child Support Agency, http://www.csa.gov.uk/pdf/english/leaflets/new/CSL109.pdf [05.02.08]
[41] Newcastle city council (2003) http://www.newcastle.gov.uk/core.nsf/a/wr_bull2003childsupp (02.02.08)
[42] Child Support Analysis (2007) http://www.childsupportanalysis.co.uk/information_and_explanation/reform/reformed_scheme_summary_changes.htm (02.01.07)
[43] Böðvarsdótti, A,Ý (2006) . Meðlög til barna: þróun og réttur barnsins til þeirra. BA ritgerð. Háskólinn í Reykjavík. 50bls.

Samvistir.
Meðlagsgreiðsla er auk þess lækkuð ef meðlagsgreiðandi er með barnið í 52 daga eða fleiri á ári. Lækkun meðlags fer því eftir fjölda daga á 12 mánuðum:[44]

| Fjöldi daga á ári | Lækkun á meðlagsgreiðslu |
|---|---|
| 52 – 103 | 1 / 7 |
| 104 – 155 | 2 / 7 |
| 156 - 174 | 3 / 7 |
| 175 eða fl. | 1 / 2 |

Ferðakostnaður.
Meginreglan er sú að ferðakostnaður er á reikning ELF. Ef ferðakostnaður er hár, þá getur ELF sótt um lækkun á meðlagi til Innheimtustofnunar (Child Support Agency) á þeirri forsendu að ferðakostnaður er íþyngjandi.[45]

Í viðauka 1 er reiknilíkan sem notað er sem leiðbeinandi verkfæri við ákvörðun á meðlagsupphæð í Englandi.

[44] Child Support Agency, http://www.csa.gov.uk/pdf/english/leaflets/new/CSL109.pdf [04.02.08]
[45] Child support agency , http://www.csa.gov.uk/en/PDF/leaflets/new/CSL301.pdf bls 12.

## 9.5. Ástralía

Meðlagskerfið til 2005.
Árið 1988 var sett á fót í Ástralíu stofnun sem innheimti meðlag af ELF og greiddi til LF. Stofnunin hét Child support agency (CSA) og með henni voru mótaðar reglur um flesta þætti er lúta að fyrirkomulagi meðlags. Báðir foreldrar báru fjárhagslega ábyrgð á framfærslu barns og ELF bar skylda til að greiða meðlag reglulega til LF.[46] Upphæð meðlags var byggð á þremur breytum:

- Hlutfall af heildartekjum ELF. Almennt viðmið var:
  - 18 % af heildartekjum fyrir eitt barn.
  - 27 % fyrir tvö börn.
  - 32% fyrir 3 börn.
  - 34% fyrir 4 börn.
  - 36% fyrir 5 eða fleiri börn.[47,46]
- Undanþegið frá tekjum ELF var áætlaður kostnaður til að framfleyta sjálfum sér.
- Tekjur LF höfðu ekki áhrif nema í undantekningar tilvikum þegar tekjur voru mjög háar.[46]

Þetta kerfi þótti einfalt og þannig auðvelt að ákveða upphæð. En á sama tíma og atvinnuþáttaka kvenna og þáttaka karla í uppeldi barna jókst, þá þótti kerfið skírskota til hins gamla hlutverks kynjanna að faðir væri fyrirvinna og móðir uppalandi. Kerfið þótti ala á ósætti milli foreldra þegar til skilnaðar kæmi. Það var því sett á fót nefnd með það að leiðarljósi að endurskoða meðlagskerfið m.a. að beina sjónum að því hvað væru bestu hagsmunir barna þegar foreldrar byggju ekki saman. Markmiðið með endurskoðuninni var:

- Að minnka deilustig milli foreldra um foreldrahlutverkið.
- Að styðja við og jafna foreldraábyrgð kynjanna.
- Að tryggja að meðlag sé greitt og útborgað á réttum tíma.

Meðlagskerfið frá 2005.
Nefndin skilaði skýrslunni *"In the Best Interest of Children- Reforming the Child Support system"* árið 2005.[47] Grundvallar breytingar voru gerðar á kerfinu sem fólu m.a. í sér:

- Meðlagsgreiðsla skyldi vera reiknuð á grunni þess sem það kostar að framfæra barni.
- Samanlagðar tekjur beggja foreldra skyldu vera forsendur til að reikna út upphæð meðlags, þar sem tekjur beggja hafa sama vægi.
- Taka skuli tillit til framlags beggja foreldra til framfæslu barns sem og samvistatíma á báðum heimilum.
- Börn getin í nýju sambandi skulu meðhöndluð eins og börn úr fyrra sambandi. (children of first and second families will be treated more equally). [48]

---

[46] Department of Families, Housing, Community Sevices and Indigenous Affairs (FaHCSIA) (2008) http://www.facsia.gov.au/internet/facsinternet.nsf/family/childsupport_history.htm

[47] In the best interest of Children- Reforming the Child Support System (2005) Summary Report and Recommendation of theMinisterial Taksforce on Child support, Commonwelth of Australia 2008
[48] Department of Families, Housing, Community Sevices and Indigenous Affairs (FaHCSIA) (2008) http://www.facsia.gov.au/internet/facsinternet.nsf/family/childsupport_reforms.htm (02.01.07)

Sem grunnur að þessu kerfi er reiknilíkan í viðauka 2. Þar má sjá að breytur í reiknilíkaninu eru:

- Fjöldi barna sem greiða á með.
- Árstekjur LF.
- Árstekjur ELF.
- Samvistatími hjá ELF.
- Önnur börn sem LF þarf að framfæra.
- Önnur börn sem ELF þarf að framfæra.[49]

Nokkur reynsla er komin á þetta kerfi og er almenn sátt um að kerfið hafi verið mikil framför frá gamla kerfinu. Ný álitaefni hafa komið upp sem hefur leitt til frekari skoðunar og er áætlað að bæta við núverandi kerfi. Þær viðbætur eiga að taka gildi í júlí 2008 en þær fela m.a. í sér: [50]

- Núverandi reiknilíkan gerir ráð fyrir að fólk með lágar tekjur kosti hlutfallslega jafn miklu í börn sín og fólk með háar tekjur. Ástralskar rannsóknir hafa sýnt að foreldrar með háar tekjur kosta meira í börn sín en fólk með lágar tekjur. Það er hins vegar lægra hlutfall af tekjum þeirra. Viðbætur í reiknilíkanið munu taka tillit til þess.
- Núverandi reiknilíkan gerir ráð fyrir að öll börn kosti jafn mikið. Rannsóknir sýna að unglingar kosta meira en ungabörn. Viðbætur í reiknilíkanið mun taka tillit til þess.
- Í núverandi kerfi eru tekjur ELF og LF ekki meðhöndlaðar alveg eins og er ætlunin að jafna þann mun.
- Reiknilíkan fyrir umfang samvista verður endurbætt. Í núvernadi kerfi er sama hvort ELF hefur barnið 1% af tímanum eða 29% þar sem það er einn samvistaflokkur. Nýir samvistaflokkar verða:
    - 0-13% af tímanum er einn flokkur.
    - 14-34% annar flokkur.
    - yfir 35% er jöfn umönnun ("shared care").
- Áfram verður reynt að jafna aðstöðu fyrstu og annarrar fjölskyldu ELF. Í ljós hefur komið að einstaklingar með háar tekjur greiða meira til fyrri fjölskyldu, sem kemur niður á nýju fjölskyldunni. Þessu er öfugt farið hjá ELF með lágar tekjur.
- Gert er ráð fyrir að LF geti fengið allar opinberar skattaívilnanir og barnabætur en það hafi svo á móti áhrif til lækkunar meðlags sem ELF greiðir.

Ástralir eru með þessum viðbótum, sem taka gildi í júlí 2008, að festa kerfið sem þeir lögðu upp með árið 2005 enn betur í sessi. Engin umræða er um að fara aftur í það kerfi sem var fyrir 2005, en það var "hlutfall af tekjum kerfi" ("*percent of income*") heldur fær þetta nýja kerfi góðan hljómgrunn.

Lágmarksmeðlag.

Í Ástralíu er lágmarksmeðlag 333 Ástralskir dollarar á ári (2007)[51] sem gerir um 20.000 ísl krónur á ári.

---

[49] Innheimstustofnun Ástralíu, http://www.csa.gov.au/ChildSupportCalculator/Calculator.aspx

[50] Child Support Agency, (2008), Ástralíu: *The new child support scheme, 2 pages.* Aðgengilegt á: http://www.csa.gov.au/schemereforms/pdf/Factsheet_6_-_New_formula.pdf

[51] Child Agency Australia (2008) aðgengilegt á: http://www.csa.gov.au/guide/2_8_1.htm#minimumannualrate

## 9.6. Ísland

Hugtakið meðlag er trúlega jafngamalt landnámi Íslands. Fram kemur í Grágás I.b.23 og II.107,135 að framfærsla óskilgetins barns hafi fyrst og fremst hvílt á föður og ætt hans. Svipuð regla kemur fram í Jónsbók, sbr. Mannhelgi 30 og Kvennagiptingar 23 og 28. Helstu ástæður þess má telja að hafi verið hagsmunir viðkomandi sveitarfélags þar sem tilgangur framfærsluskyldunnar hafi fyrst og fremst verið að koma í veg fyrir að barnið lenti á framfæri sveitarinnar.[52]

Með tilskipan 14.október 1763 var kveðið á að báðir foreldrar óskilgetins barns skyldu kosta framfærslu þess. Var þar á meðal mælt fyrir um greiðslu meðgjafar af hendi föðurs með barninu. Reglur um framfærsluskyldu foreldra tóku breytingum með lögum 9/1890 og 44/1905 og mótuðust á síðustu öld í átt til þess sem þau eru í dag.[53]

Í gildandi barnalögum(76/2003) er kveðið á um framfærsluskyldu foreldra. sbr 53. gr.
*„Skylt er foreldrum, báðum saman og hvoru um sig, að framfæra barn sitt. Framfærslu barns skal haga af hliðsjón af högum foreldra og þörfum barns.“*

Í 57 gr. segir
*„Meðlag skal ákveða með hliðsjón af þörfum barns og fjárhagsstöðu og öðrum högum beggja foreldra, þar á meðal aflahæfi þeirra.“*

Í barnalögum er einnig kveðið á um að stjúpforeldri sem og sambúðarforeldri skuli framfæra stjúpbarn sitt sem sitt eigið. Sú framfærsluskylda fellur niður við skilnað stjúpforeldris við foreldri barnsins.

Upphæð meðlags fylgir, skv. barnalögum (76/2003), barnalífeyri eins og hann er ákveðinn hverju sinni. Barnalífeyrir er ákvarðaður af Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytinu og uppfærður skv. lögum um almannatryggingar (117/1993). Innheimtustofnun Sveitarfélaga sér um innheimtu meðlags og Tryggingastofnun ríkisins um greiðslu meðlags.

Hugtakið barnalífeyrir nær a.m.k aftur til svonefndra framfærslulaga nr 80 frá árinu 1947 en kemur einnig fyrir í lögum frá 1956, 1963 og 1971. Í lögum um almannatryggingar frá 1993 nr. 117 segir í 14 gr. „Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera 123.600 kr.“ Þessi grunntala frá árinu 1993 er sá grunnur sem barnalífeyrir og einfalt meðlag hefur uppreiknast til dagsins í dag. Fyrir árið 2008 er meðlag 19.000 kr á mánuði eða 228.000 kr á ári.

Í 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar segir: *„Bætur almannatrygginga, svo og greiðslur skv. 59. gr. og fjárhæðir skv. 17. gr., skulu breytast árlega í samræmi við fjárlög hverju sinni. Ákvörðun þeirra skal taka mið af launaþróun, þó þannig að þær hækki aldrei minna en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs.“*

Framfærsla foreldra á börnum er samkvæmt einkarétti á Íslandi, en framfærsla samkvæmt almannatryggingarlögum er samkvæmt opinberum rétti.[54]

---

[52] Lárus H. Bjarnason: (1923) *Afstaða foreldra til óskilgetinna barna*. Tímarit lögfræðinga og hagfræðinga 1923, bls. 177-192, einkum bls. 181-182.
[53] Davíð Þór Björgvinsson (1995): *Barnaréttur*, bls. 45-55.
[54] Davíð Þór Björgvinsson (1995): *Barnaréttur*, bls 241.

Með framfærslu er átt við að foreldrum er skylt að klæða, fæða og sjá barni fyrir húsnæði eða leggja til fjárframlög í þessum tilgangi.[55] Að samanteknu eru skýr ákvæði í íslenskum lögum að báðir foreldrar bera fjárhagslega ábyrgð á framfærslu barns óháð hjúskaparstöðu foreldranna.

Íslenska meðlagskerfið hefur verið lítið breytt í áratugi en breytingar má nefna:

1. Árið 1993 var grunnmeðlag hækkað umfram verðlag. Síðan hefur upphæð meðlags og viðmiðunartafla sem notuð er fyrir úrskurð á auknu meðlagi verið uppfærð miðað við þróun verðlags. Á sama tíma voru opinber mæðra og feðralaun lækkuð með lögum nr 118/1993.
2. Fyrsta aukameðlag var gert skattfrjálst árið 2003.[56] Þetta leiddi til aukningar á meðlagsmálum hjá Sýslumanninum í Reykjavík. Árið 2000 eru 184 umsóknir um aukið meðlag en voru orðnar 250 fyrstu 11 mánuði 2003. [57] Árið 2005 voru 279 ný meðlagsmál til umfjöllunar hjá Sýslumanninum í Reykjavík.[58] og árið 2006 eru 260 ný meðlagsmál.[59]
3. Samvistir barna við ELF hafa að öllum líkindum aukist frá árinu 1993,

Helstu breytingar á íslenska meðlagskerfinu síðustu tvo áratugi virðast því vera þær að lágmarksmeðlag var hækkað 1993, umsóknum um aukið meðlag fjölgaði vegna skattalagabreytinga árið 2003 og á sama tíma og samvistir við ELF hafa aukist. Sárlega skortir þó rannsóknir á umfangi samvista á þessu tímabili sem og umfangi aukamðelagsgreiðslna af hendi ELF til LF.

Grunnmeðlag.

Samningur um meðlag verður gildur þegar sýslumaður hefur staðfest hann eða sátt hefur verið gerð um meðlagið fyrir dómi. Meðlag skal greiða fyrirfram nema annað sé ákveðið og skal tilheyra barni og notað í þágu þess. Óheimilt er að semja um lægra meðlag en sem nemur barnalífeyri sem er í dag kr. 19.000.[60] Eins má ekki takmarka meðlagskyldu við lægri aldur en 18 ára, nema ef barn gengur fyrir þann aldur í hjúskap. Þegar foreldrar fara með sameiginlega forsjá og búseta barns er nokkuð jöfn á báðum heimilum þá ber ELF að greiða einfalt meðlag, nema foreldrar verði ásáttir um annað.

Aukið meðlag.

LF getur krafið ELF um aukið meðlag. Við úrskurð skal taka tillit til töflu sem Dómsmálaráðuneytið gefur út og er miðuð út frá heildartekjum ELF. Fjárhæðirnar í töflunni eru upphaflega settar inn árið 1993 og hafa síðan verið framreiknaðar miðað við vísitölu neysluverðs. Ráðherra vekur jafnframt athygli á því í bréfi sínu að taflan sé aðeins til viðmiðunar enda beri eftir sem áður að ákveða fjárhæð meðlags með hliðsjón af þörfum barns og fjárhagsstöðu sem og örðum högum beggja foreldra, þar með talið aflahæfi þeirra. Ef forsjá er sameiginleg og samvistir rúmar hjá ELF er síður úrskurðað aukið meðlag þar sem slík dvöl leiðir væntanlega til lægri útgjalda LF vegna framfærslu barns. En forsenda fyrir því

[55] Sýslumaðurinn, 2008, *http://syslumenn.is/allir/sifjamal/medlag_framlog/* [30.01.08].
[56] Alþingi Íslands (2003), lög 90/2003, 7 gr A.2
[57] Forsjárnefnd (2005), Lokaskýrsla til Dómsmálaráðherra, 32 bls. aðgengileg á: http://www.domsmalaraduneyti.is/media/Skyrslur/Forsjarnefnd-lokaskyrsla.pdf
[58] Eyrún Guðmundsdóttir (2006) deildarstjóri hjá Sýslumanninum í Reykjavík tölvupóstur 17.3.2006.
[59] Eyrún Guðmundsdóttir (2007) deildarstjóri hjá Sýslumanninum í Reykjavík tölvupóstur 10.1.2007.
[60] Innheimtustofnun Sveitarfélaga, (2008), aðgengilegt á www.medlag.is

er að forsjá sé sameiginleg. Sé forsjá ekki sameiginleg er úrskurðað aukið meðlag, jafnvel þó samvistir séu rúmar.[61]

Framlög.
Heimilt er að krefja þann meðlagsskylda um sérstök framlög t.d. vegna fermingar, sjúkdóms, tannréttingar, greftrunar, gleraugnakaupa eða annarra sérstakra tilefna. Dóms- og Kirkjumálaráðuneytið gefur út viðmiðunarfjárhæðir í þeim efnum. Önnur tilefni geta orðið grundvöllur slíkra framlaga en þó aðeins ef þau eru sérstaks eðlis en ekki almenns, því reglubundnum meðlagsgreiðslum er ætlað að standa straum af almennri framfærslu barns. Meðlagsgreiðandi verður því almennt ekki úrskurðaður til þess að taka þátt í kostnaði vegna tónlistarnáms eða íþróttaiðkunar barns. Aftur á mót gæti sérkennsla vegna námserfiðleika orðið tilefni að sérstöku framlagi.[62]

Aldur barns.
Grunnmeðlag og forsendur fyrir úrskurði um aukið meðlag eru óháð aldri barns.

Lok meðlagsskyldu.
Þó að meðlagsskyldu ljúki við 18 ára aldur getur barn krafist framlags til menntunar eða starfsþjálfunar til 20 ára aldurs frá því foreldri sem það býr ekki hjá. Búi barnið hins vegar hjá hvorugu þá getur það krafist slíks framlags úr hendi beggja foreldra.

Breyttur meðlagsúrskurður.
Sýslumaður má breyta samningi foreldra ef aðstæður hafa breyst verulega t.d. ef samningur eða dómsátt gengur í berhögg við þarfir barns eða ef samningurinn er ekki í samræmi við fjárhagslega stöðu foreldra. Almennt verður samningi, úrskurði eða dómi ekki breytt aftur í tímann, heldur miðast breytingin við þann dag sem krafan er sett fram eða síðara tímamark.[63] Í dómi Hæstaréttar frá 23. júní 1994 voru ákvæði barnalaga túlkuð þannig að sýslumaður hefði takmarkaðar heimildir til að breyta samningi foreldra um meðlög aftur í tímann.[64]

Samvistir og ferðakostnaður.
Meginreglan er sú að ELF ber kostnað vegna samvista sbr 46. gr gildandi barnalaga nema annað sé ákveðið með samningi og samþykki beggja foreldra.

[61] Dómsmálaráðuneytið (2008). *Framfærsla barns,* kafli III.4.5.1. Sameiginleg forsjá og fjárhæð meðlags.
[62] Sýslumaðurinn, 2008, *http://syslumenn.is/allir/sifjamal/medlag_framlog/* [30.01.08].
[63] Sýslumaðurinn, 2006, *http://syslumenn.is/allir/sifjamal/medlag_framlog/* [30.01.06]
[64] Hæstiréttur Íslands, (1994), Hrd. 1994, 1532.

## 9.7. Kanada

Forsjárfyrirkomulag í Kanada er endurspeglun á búsetuhlutfalli barns. Forsjárskipan í Kanada getur verið þrennskonar:

- Sole custody, þar sem börnin búa yfir 60% af tímanum hjá LF.
- Shared custody, þar sem börnin búa um 45% af tímanum hjá ELF.
- Split custody, þegar t.d. tvö börn fyrrverandi hjóna hafa lögheimili hjá hvoru foreldri þ.e. pabbinn er LF fyrir annað barnið og mamman LF fyrir hitt barnið. Börnin eru um eða yfir 60% af tímanum hjá LF, þannig að foreldrarnir eru eins og pabbinn og mamman hafi hvort sitt "sole custody"

Það er útbúin launatafla og sett inn meðlagsupphæð m.v. mismunandi tekjur og mismunandi fjölda barna. Við mjög lágar tekjur eða tekjuleysi fer meðlag niður í lágar upphæðir og getur jafnvel verið fellt niður. Meðlag eykst svo með auknum tekjum nokkuð línulega.[65] Þannig er kerfið í Kanada að grunni til "hlutfall af tekjum" kerfi, þegar um Sole custody er að ræða, en tekur þó tillit til fleiri þátta en tekna ELF.

Við "split custody" er meðlagsskylda beggja foreldra reiknuð. Til dæmis ef faðir er LF fyrir eitt barn og móðir LF fyrir annað barn þeirra, þá er meðlagskylda föðurs reiknuð út eins og hann sé að greiða með einu barni, án þess að hafa barn á sínu heimili og sama með móður. Ef meðlagsskylda móður og föður er jöfn þá fellur meðlag niður en annars er það mismunur í meðlagsupphæð sem verður meðlagsgreiðsla við slíkar aðstæður. Við "shared custody" er meðlag reiknað út frá launum beggja og tekið tillit til umgengni. Meðlagskerfið tekur þannig tillit til samvista og það tekur einnig tillit til skuldbindinga við börn í nýju sambandi en tekur ekki tillit til aldurs barna. [66] Við "split" og "shared custody er því um "tekjuskiptingarkerfi" að ræða, þar sem tekjur beggja ráð mestu um upphæð meðlags.

---

[65] The Federal Child Support Guidelines (2006)
http://www.justice.gc.ca/en/ps/sup/pub/guide/guide.pdf (07.01.08)

[66] The Department of Justice Canada (2008) aðengilegt á http://www.justice.gc.ca/en/ps/sup/lookup/index.asp

## 9.8. Danmörk

Meðlagskerfið í Danmörku er svipað og hér á landi. Það er greitt lágmarksmeðlag og aukið meðlag ef greiðslugeta er til staðar hjá ELF. Lágmarksmeðlag er 1.094 Danskar krónur á mánuði eða ca 14.500 íslenskar krónur. Það er um 76% af íslenska meðlaginu. Eins er gefin út tafla svipuð þeirri íslensku sem tekjuviðmið til að dæma aukið meðlag. Tekið er fram að taflan sé aðeins viðmið (retningslinje) líkt og er með þá íslensku. Jafna búsetu skilgreina danir sem fyrirkomulag þegar barn býr 6-7 daga af hverjum 14 hjá ELF og við slíkar aðstæður er meðlag fellt niður.[67] Ferðakostnaður barns er sem meginregla á ábyrgð og kostnað beggja foreldra.

"*Som udgangspunkt deles forældrene om transporten. SF henter til samvær, og BF henter fra samvær, begge betaler deres udgifter til transporten.*"[68]

Aldur barns hefur ekki áhrif á upphæð meðlags í Danmörku. Kerfið í Danmörku er þannig líkt því íslenska en aðrir þættir eru ólíkir og má nefna: [67,68]

a) Upphæð grunnmeðlags í Danmörku er um 76% af einföldu meðlagi á Íslandi.
b) Ferðakostnaður er sameiginlegur sem meginregla í Danmörku en meginreglan á Íslandi er að ELF ber kostnað sem hlýst af umgengni.
c) Jöfn umönnun er skilgreind í Danmörku.
d) Við jafna umönnun er grunnmeðlag fellt niður í Danmörku en á Íslandi minnkar það líkurnar á úrskurði um aukin meðlög. Grunnmeðlagið er aldrei fellt niður á Íslandi með úrskurði, aðeins ef foreldrar verða ásáttir um þá skipan.

---

[67] Foreningenfar, (2008), aðgengilegt á http://www.foreningenfar.dk/vejledninger.phtml . [03.02.08]
[68] Foreningenfar (2008), aðgengiðlegt á http://www.foreningenfar.dk/vejledninger.phtml?showgrand=17

# 10. Breytur sem hafa áhrif á útreikning á upphæð meðlags

## 10.1. Lágmarksmeðlag

Á Íslandi fylgir lágmarksmeðlag barnalífeyri. Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára ef annað foreldrið er látið eða er örorkulífeyrisþegi. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.[69] Lágmarksmeðlag fyrir meðlagsgreiðanda er því sama og hið opinbera túlkar sem helming af framfærslu barns, sé framfærslan á höndum hins opinbera. LF getur sótt um aukið meðlag sé ELF með heildartekjur yfir þeim viðmiðunarmörkum sem gefin eru út í töflu af Dómsmálaráðuneytinu. ELF getur þó ekki sótt um lægra meðlag en einfalt meðlag sé viðkomandi með litlar tekjur eða mikla umgengni enda einfalt meðlag lögbundið lágmarksmeðlag. Meðlag sem fylgir barnalífeyri er hærra lágmarksmeðlag en er í þeim löndum sem skoðuð voru í þessu verkefni. Víða er hver meðlagsákvörðun sjálfstætt mál og meðlagsúrskurður getur verið allt frá lágri upphæð og línulega upp í háa upphæð.

## 10.2. Hámarksmeðlag

Í Bandaríkjunum er fjallað um það hvort eðlilegt sé að setja reglur um hámarksmeðlag þar sem meðlagið er einungis ætlað til framfærslu barns en ekki til annarrar neyslu á heimili LF. Því hefur verið fjallað um m.a. í Bandaríkjunum að skilja á milli meðlagsúrskurðar annarsvegar og makalífeyris hinsvegar. Meðlagið fari í framfærslu barns en makalífeyrir í heimilisrekstur LF. [18]

## 10.3. Umgengni

Í bresku skýrslunni sem nær til 14 landa segir á bls 3 í samantekt[5]: *"Without exception, all countries would take account of the contact time children spent with the NRP. In the event of shared care (where the child spent roughly equal amounts of time living with each parent), the obligation to pay would be reduced to nil in the majority of countries (ten) and could be annulled completely in some countries, irrespective of disparities in the parents' incomes."* Öll lönd í skýrslunni taka þannig tillit til samvista þegar upphæð meðlags er reiknað og við jafna búsetu er ekkert meðlag greitt. Sömu sögu er að segja um þau lönd er þessi rannsókn nær sérstaklega til ef undan eru skilin strjálbýlli ríki Bandaríkjanna eins og Alaska og Norður Dakota.

Á Íslandi er ávallt greitt einfalt meðlag og ELF getur þurft að greiða aukið meðlag ef LF slítur samningi um sameiginlega forsjá áður en sett er fram krafa um aukið meðlag. Það er þekktur úrskurður þar sem ELF og LF höfðu ekki sameiginlega forsjá og ELF var úrskurðaður í aukið meðlag, þrátt fyrir að barnið væri hjá viðkomandi í 12 daga í mánuði. Áður hafði LF rift samningi um sameiginlega forsjá við ELF. Umboðsmaður barna gerði ekki athugasemd við úrskurðinn í áliti sínu og byggði það á því að foreldrar fóru ekki með sameiginlega forsjá.[70] Þetta mál undirstrikar sérstöðu Íslands. Í fyrsta lagi þá hefði sameiginlegri forsjá verið viðhaldið í þeim löndum sem þetta verkefni nær til, enda hefði umfang samvista flokkast sem jöfn umönnun (shared care) t.d. í Svíþjóð og Danmörku. Í öðru lagi þá hefði ELF sem hefur barn í 12 daga í mánuði ekki staðið frammi fyrir spurningunni hvort viðkomandi ætti að greiða aukið meðlag, heldur hvort lækka eða fella ætti meðlagið niður.

[69] Tryggingastofnun ríkisins (2007) http://www.tr.is/oryrkjar/lifeyrir-og-styrkir/greidslur-v-barna/ (30.11.2007)
[70] Umboðsmaður barna (2007) aðgengilegt á: www.umboðsmaðurbarna.is mál 4899 / 2007

Á Íslandi greiðir ELF til LF lögbundið lágmarksmeðlag burtséð frá fyrirkomulagi forsjár og umgengni. Þegar forsjá er sameiginleg, ber að taka tillit til umgengni við úrskurð um aukið meðlag en samkvæmt leiðbeiningum frá Dómsmálaráðuneytinu eru ekki sett reikningsleg viðmið þar að lútandi, heldur lögð áhersla á að skoða hvert mál sérstaklega.[71] Þegar forsjá er aftur á móti ekki sameiginleg er ekki tekið tillit til umgengni, þegar úrskurðað er um aukið meðlag.

Í bókinni Áfram foreldrar,[72] sem byggir á rannsóknum sem gerðar voru á árunum 1997-1999 samanborið við Barnafjölskyldurannsóknina (BFR) sem var birt 1995 en hófst áður en lög um sameiginlega forsjá voru sett árið 1992. Rannsóknirnar fjölluðu m.a. um samvistir barna við ELF. Í rannsókninni 1997-1998 er fjallað um skilnaðarforeldra sem fara með sameiginlega forsjá samanborið við niðurstöður BFR. Í bókinni segir um börn í sameiginlegri forsjá foreldra sem eru skilin:
" *Börn dvelja hjá föður sínum aðra hverja helgi og oftar í 61% tilvia og þriðjuhverju helgi eða sjaldnar í 36% tilvika"* og seinna segir
*"Sameiginleg forsjá hefur ekki í reynd sýnt meiri tíðni eða lengd í samskiptum föðurs og barns. Hinsvegar má sjá greinilega breytingu í viðhorfum og í foreldrasamstarfi almennt."*[73]

Frá aldamótum hafa samvistir barna við ELF aukist samkvæmt upplýsingum frá Jóhanni Loftssyni sálfræðingi. Jóhann hefur starfað við sáttamiðlun á vegum Sýslumannsembættanna frá árinu 2000. Jóhann Loftsson sagði í tölvupósti til undrritaðs:
*"Í þá daga (*innsk: árið 2000) *var venjan að helgarheimsóknir byrjuðu fyrripart laugardags og enduðu um kvöldmat á sunnudegi. Við mæltum með sem meginreglu að helgarheimsókn byrjaði að loknum leikskóla á föstudegi og endaði við byrjun leikskóla eða skóla á mánudagsmorgni. Að auki mæltum við með einum virkum degi þar á milli. Jú þú mátt gjarnan vitna í þetta og að þetta þótti mjög mikið á þeim tíma.*"[74] Eyrún Guðmundsdóttir deildarstjóri í Sifja- og skiptadeildar hjá Sýslumanninnum segir einnig að hennar tilfinning sé að samvistir barna við ELF hafi aukist og þá sérstaklega á síðustu 5-10 árum.[75] Miðað við umsagnir Jóhanns og Eyrúnar, þá má færa rök fyrir því að sárlega vanti vísindarannsóknir um umfang samvista barna við ELF á síðustu árum.

Umgengni eða samvistir barns við ELF hafa minni reikningsleg áhrif á meðlagsupphæð á Íslandi samanborið við þau lönd og þær heimildir er þessi rannsókn nær til.

## 10.4. Tekjur ELF

Með auknum tekjum ELF er oftast hægt að gera ríkari kröfur til meðlagsgreiðslna og er í sumum löndum úrskurðað nær einvörðungu út frá tekjum ELF. Þannig voru hin gömlu kerfi í Noregi [24] og Ástralíu.[46,47] Í strjálbýlli fylkjum Bandaríkjanna er meðlagsupphæð ákveðin sem hlutfall af tekjum ELF. Tekjur ELF er mikilvæg breyta í öllum meðlagskerfum en í nýrri endurskoðuðum kerfum eru mun fleiri breytur samþættar í útreikningum við ákvörðun á meðlagsupphæð. Á Íslandi greiða allir grunnmeðlag og hægt að úrskurða í aukið meðlag hafi

[71] Haukur Guðmundsson, Dómsmálaráðuneytinu, uppl í tölvupósti 8.11.2007
[72] Sigrún Júlíusdóttir & Nanna K. Sigurðardóttir (2000). *Áfram foreldrar, Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra.* Háskólaútgáfan. 180 bls.
[73] Sigrún Júlíusdóttir & Nanna K. Sigurðardóttir (2000). *Áfram foreldrar, Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra.* Háskólaútgáfan. Bls 89-90.
[74] Jóhann Loftsson (2005) sálfræðingur tölvupóstur 30.09.2005.
[75] Eyrún Guðmundsdóttir (2008). Tölvupóstur 10.3.2008

ELF laun yfir viðmiðunartekjum. Þannig eru tekjur ELF mikilvægasta breytan í ákvörðun um meðlagsupphæð á Íslandi eins og í eldri kerfum erlendis.

## 10.5. Tekjur LF

Nýrri meðlagskerfi taka velflest tillit til tekna LF. Þannig eru kerfin í Noregi, Svíþjóð og Ástralíu sem og í mörgum þéttbýlli ríkjum Bandaríkjanna. Hér eru Bretar undantekning en nýlegt kerfi þeirra tekur ekki tillit til tekna LF. Á Íslandi er ekki tekið tillit til tekna LF með reikningslegum hætti þegar úrskurða á aukið meðlag. Háar tekjur LF geta leitt til þess að ELF sé síður dæmt í aukið meðlag, enda sé forsjá sameiginleg.

## 10.6. Aldur barns

Almennt er viðurkennt í nýrri kerfum erlendis að útgjöld vegna barna aukist með auknum aldri. Í útreikningum í Noregi vegna meðlags er gert ráð fyrir að það sé dýrara að framfæra barni með auknum aldri.[76] Sama er í Svíþjóð[77] sem og í sumum ríkjum Bandaríkjanna, eins og Arizona og Kansas (sbr. viðaukar 5 og 6). Í viðbótum við meðlagskerfið í Ástralíu sem taka gildi nú í júlí 2008, þá mun aldur barns verða breyta í útreikningum vegna meðlags og gert er ráð fyrir að framfærslukostnaður barna aukist með hækkandi aldri.[50] Á Íslandi er ekki tekið tillit til aldurs barns þegar upphæð meðlags er ákvörðað né þegar úrskurðað er um aukið meðlag.

## 10.7. Skuldbindingar ELF fyrir sjálfan sig

Í Bandaríkjunum er víða gengið út frá því að ekki megi ganga það nálægt ELF að hann geti ekki séð fyrir sér. Þannig er reiknaður út ákveðinn hluti af launum sem hefur verið nefnt "*self-support reserve*". Þessi hluti kemur ekki til skipta þegar reikna á meðlag.[18] Svipað er í Svíþjóð og Ástralíu. Á Íslandi getur barnmargur og tekjulítill ELF þurft að greiða stóran hluta af sínum tekjum í meðlög sem getur í vissum tilvikum skert möguleika viðkomandi til að sjá fyrir sér eða stofna nýja fjölskyldu. Á Íslandi er því ekki tekið tillit til skuldbindinga ELF til að sjá fyrir sjálfum sér áður en upphæð meðlags er úrskurðað.

## 10.8. Skuldbindingar ELF fyrir nýja fjölskyldu

Öll lönd sem breska skýrslan fjallaði um taka tillit til skuldbindinga meðlagsgreiðenda til nýrrar fjölskyldu og barna í nýrri fjölskyldu.[5] Ef ELF á Íslandi á barn og nýja fjölskyldu þá er tekið tillit til þess við úrskurð á auknu meðlagi en hefur ekki áhrif á grunnmeðlag.

## 10.9. Heildartekjur eða ráðstöfunartekjur

Tveir einstaklingar geta haft sömu heildartekjur en ólíkar ráðstöfunartekjur vegna mismunar í skattlagningu á hinum ýmsu tekjustofnum. Það er þekkt að fjármagnstekjur og húsaleigutekjur bera lægri skatt en launatekjur. Einnig eru þættir eins og sjómannaafsláttur, barnabætur, vaxtabætur, húsaleigubætur, dagpeningar, ökutækjastyrkur, afborgun námslána og fleira sem geta haft áfhrif á ráðstöfunartekjur einstaklinga. Ríki eru í auknu mæli farin að nota ráðstöfunartekjur frekar en heildartekjur, sem viðmið þegar ákveða á upphæð meðlags, enda efnisleg rök fyrir slíkri breytingu. Dæmi um slík lönd eru m.a. Noregur, England,

[76] Noges Arbeids- og velferdsforvaltningen (NAV) (2008) http://tjenester.nav.no/bidragsveileder/servlet/dispatcher/hjelpunderhold (eins og birtist 30.11.07)
[77] Familjerätt på nätet, (2005), http://www.famratt.com/underhall/und_berakning.htm [05.04.06]

Svíþjóð og Ástralía. Á Íslandi eru heildartekjur notaðar sem viðmið þegar úrskurðað er í aukið meðlag.

### 10.10. Barnabætur og skattaleg staða

Í Svíþjóð var árið 2005 opnað á það að skipta opinberum barnabótum á milli foreldra sem búa ekki saman. Þá þarf að ákveða búsetuhlutfall barns á hvoru heimili og í sama hlutfalli skiptast opinberar barnabætur.[78] Svipað kerfi er í Frakklandi.[79] Í sumum ríkjum Bandaríkjanna er tekið tillit til þess hvort foreldrið fær opinberar barnabætur, sem leggjast við ráðstöfunartekjurnar. Meðlag er svo reiknað út frá heildarráðstöfunartekjum beggja. Þannig hafa barnabætur einnig bein áhrif á upphæð meðlags.[18]

Í mörgum löndum fær LF barnabætur og nýtur almennrar stöðu sem einstætt foreldri sé það ekki í sambúð. Á Íslandi fylgja barnabætur lögheimili barns og skiptir þá engu máli hvort forsjá sé sameiginleg og búseta jöfn.[80] Framfærsluskylda foreldra sem búa ekki saman er alltaf sú sama sbr. 53. gr. barnalaga, en staða þeirra gagnvart opinberum bótum og skattaívilnunum er ólík eftir því hvar barnið hefur lögheimili.[81] Íslenskir fræðimenn hafa sýnt fram á þann fjárhagslega aðstöðumun sem er á milli LF og ELF. Guðný B. Eydal (2006) hefur m.a. bent á það þurfi að kanna hvort stuðningi velferðakerfisins sé í of ríkum mæli verið beint að einu foreldri (innsk.LF), þrátt fyrir að barnalög kveði á um skyldur beggja foreldra til að annast um og framfæra börn sín. Meðlög og opinberar bætur gera verulegan aðstöðu mun á milli foreldra þó framfærsluskyldan sé jöfn.[82]

### 10.11. Skilnaðarbörn og fátækt.

Í bresku skýrslunni[5] er mikið fjallað um fátækt og hvort fátækt barna eigi að vera viðmið þegar upphæð meðlags er ákveðin. Einnig er mikið reynt að rýna í hvort meðlagsgreiðslur minnki hugsanlega fátækt skilnaðarbarna sem búa hjá LF. Þegar umræða var í norska Stórþinginu um nýtt meðlagsfyrirkomulag þá óttuðust sumir þingmenn að nýtt meðlagskerfi leiddi til minni meðlagsgreiðslna og það hefði áhrif á börn fátækra fjölskyldna. Nýja kerfið tók í ríkara mæli tillit til samvista og tekna beggja foreldra en að auki var hvatt til einkasamninga. Niðurstaðan var sú að fátækt er samfélagslegt úrlausnarefni sem meðlagskerfi leysir ekki og er ekki ætlað að leysa. Nútíma meðlagskerfi ber hinsvegar að taka tillit til samvista og stuðla að því að báðir foreldrar séu áfram virkir uppalendur eftir skilnað. Með það að leiðarljósi var nýja meðlagskerfið í Noregi sett á fót árið 2003.[83]

---

78 Göteborgs-Posten (2005), http://www.gp.se/gp/jsp/Crosslink.jsp?d=119&a=239427 (30.11.07)
79 Félag um foreldrajafnrétti, (2008)Lúðvík Börkur Jónsson, munnlegar uppl.
80 Ríkisskattsjóri (http://www.rsk.is/birta_sidu.asp?vefslod=/skattar/barnabaetur.asp&val=2.0 ) 26.1.2008
81 Félag ábyrgra feðra, )http://www.abyrgirfedur.is/displayer.asp?page=214&Article_ID=676&NWS=NWS&ap=NewsDetail.asp&p=ASP\~Pg214.asp ) og (http://www.abyrgirfedur.is/Default.asp?page=212) eins og birt 26.01.08
82 Guðný B. Eydal, (2006), *Feður og fjölskyldustefna.* Erindi flutt á ráðstefnunni Þjóðarspegill. 27.10.2008. 13 bls.
83 Guðný B. Eydal. (2006), *Policies and Caring Fathers in the Nordic Countries*. 2nd International Conference of the WELLCHI-Network. March 31-April 1, 2006.

# 11. Bestu hagsmunir barna

Um miðja síðustu öld og fyrir þann tíma voru karlmenn fyrirvinnur og konur heimavinnandi og sáu þ.a.l um heimili og börn. Þegar kom til skilnaðar fylgdu börn oftast móður og faðir greiddi meðlag. Kenningin "*attachment theory*" var ríkjandi og viðurkennd sem bestu hagsmunir barna. Kenningin gengur út á það að barnið ætti að njóta forsjár þess foreldris sem það var nánara, búa hjá því og skapa því þannig þá festu sem hverju barni er nauðsynlegt.[84] Í þessu umhverfi var talið mikilvægt að barnið nyti hluta af tekjum föður á því heimili sem það bjó. Í þessu umhverfi var meðlagskerfi sem Bandaríkjamenn nefna "hlufall af tekjum" kerfi (*percent of income)* ríkjandi. Meginhlutverk föðurins var að leggja fram fé til framfærslu barnsins.[18] Þetta er kerfi sem var áður í gildi í Noregi, Ástralíu, og er enn í sumum fylkjum Bandaríkjanna. Íslenska meðlagskerfið er þrepaskipt "hlutfall af tekjum kerfi".

Í dag eru oftast báðir foreldrar útivinnandi og því báðir virkir í heimilisstörfunum, þ.m.t uppeldi barna. Íslensk lög um fæðingarorlof frá árinu 2000 eru skýrt dæmi þar sem löggjafinn jafnar rétt og skyldur foreldra gagnvart nýfæddu barni.[85] Við skilnað foreldra hefur því orðið erfiðara að meta hvort foreldrið er nánara barninu. Báðir foreldrar gegna mikilvægu uppeldishlutverki í lífi barnsins og það er mikill missir fyrir skilnaðarbarn ef annað foreldrið hverfur úr lífi þess eftir skilnað. Þannig komu upp kröfur um að barn skyldi halda ríkulegu sambandi við báða foreldra eftir skilnað. Í fyrstu var um að ræða umgengnisrétt en það hefur orðið algengara að foreldrar fari áfram með sameiginlegar uppeldisskyldur og börn búi jafnvel jafnt hjá báðum foreldrum eftir skilnað. Á síðustu áratugum hafa rannsóknir frá velflestum löndum hins vestræna heims, staðfest að börn sem hafa ríkar samvistir við báða foreldra eftir skilnað spjara sig betur en börn sem njóta aðeins umönnunnar annars foreldrisins. Skilgreiningin á því hvað eru bestu hagsmunir barna hefur því verið í sífelldri endurskoðun og mótun. Í dag telja fræðimenn að bestu hagsmunir barna séu þeir að báðir foreldrar beri áfram sameiginlega ábyrgð á barni eða börnum eftir skilnað. Í samfélögum þar sem báðir foreldrar eru virkir uppalendur barna í sambúð og hjónabandi þá er "*attachment theory*" ekki lengur viðurkennd sem bestu hagsmunir barna þegar foreldrar þeirra skilja.[86,87,88,89, 90, 91,92,93,73]

---

[84] New Zealand Equality Education Foundation (2008) aðgengilegt á: http://nzmera.orcon.net.nz/custbibl.html#Shared
[85] Alþingi Íslands (2000). Lög 95/2000
[86] Levy. D.L. (1993), *The best parents is both parents: guide to shared parenting in the 21. century.* Hampton roads publishing.
[87] Shared Parenting Information Group (SPIG) UK, (2008), aðgengilegt á: http://www.spig.clara.net/dando-2.htm (28.11.2007)
[88] New Zealand Equality Education Foundation (2008) aðgengilegt á:http://nzmera.orcon.net.nz/custbibl.html (28.11.2007)
[89] Bauserman, R., (2002) *Child Adjustment in Joint-Custody Versus Sole-Custody Arrangements: A Meta-Analytic Review* Administration/Department of Health and Mental Hygiene, Journal of Family Psychology Vol. 16, No. 1, 91–102 . Aðgengilegt á http://www.apa.org/journals/releases/fam16191.pdf (28.11.2007)
[90] Breivik,K & Olweus, D., (2006). Adolescent's Adjustment in Four Post-Divorce Family Structures: Single Mother, Stepfather, Joint Physical Custody and Single Father Families, Journal of Divorce & Remarriage… New York: 2006. Vol. 44, Iss. 3/4; pg. 99

[91] The Liz Library (2008), aðgengilegt á: http://www.thelizlibrary.org/liz/those-jointcustody-studies.html (eins og birtist 05.02.08)
[92] Öberg, G. & Öberg B, (1989) *Skilmässa, sorg och förluster. Kristerapi som alternativ till vårdnatsutredning. En effekt- och processtudie*. Stockholms Universitet.
[93] Öberg, G. & Öberg B, (2002) *Vuxna skilsmässobarn berättar.*
Bokförlaget Prisma 2002. 239,(1) s. Förlagsband.

Samantekt rannsókna gefa vísbendingar um að eins foreldris forsjá sem meginregla sé jafnvel lakasti kostur barns við skilnað foreldra samanber:

*"Joint custody and shared parenting have been studied for more than a quarter-century, with the majority of studies indicating significant benefits for children. About a third of existing studies show no difference between joint and sole custody for children's adjustment to divorce. The critical factor appears to be conflict between parents. When parents cooperate and minimize conflict, children do better with shared parenting. If there is significant conflict between parents, however, shared parenting provides no benefits and children do no better (and no worse) than they do in sole custody. This section summarizes some of the research published in the past decade."* [91]

Þegar "*attachment theory"* er ekki lengur viðurkennd sem bestu hagsmunir barna, þ.e. að faðir sé fyrir vinna og móðir heimavinna, þá verður sjálfkrafa "hlutfall af tekjum" (*percent of income)* meðlagskerfi ekki í takt við breytt viðhorf, enda báðir foreldrar bæði fyrirvinnur og uppalendur. Við endurskoðun á meðlagskerfinu í Ástralíu komu þau sjónarmið sterkt fram að barn tilheyri og búi á báðum heimilum eftir skilnað foreldra og meðlagskerfi þurfi því að taka tillit til þess:

*"The Taskforce has also taken a much wider view of the best interests of children. Children's wellbeing cannot be measured only in financial terms, nor can it be measured by the living standards a child experiences in only one home. While the great majority of children have one primary caregiver, children usually have two parents and, where there is regular contact, they live for periods of time in both their parents' homes."*[94]

Þannig urðu til ný meðlagskerfi þar sem tekið er tillit til fleiri þátta við ákvörðun á meðlagsupphæð. Þessi kerfi hlutu nafnið "framfærsluskiptingarkerfi" (*Cost sharing model*) og "tekjuskiptingarkerfi"*(Income share model*). Það má sjá að ný kerfi t.d. í Noregi og Ástralíu taka tillit til framfærslukostnaðar barns, umfangs samvista, aldurs barns og tekna bæði LF og ELF og eru þannig ein útgáfa af "framfærsluskiptingarkerfi" (*cost sharing model*).

Á síðustu áratugum hafa samvistir skilnaðarbarna við ELF aukist (sbr. t.d. orð Jóhanns Loftssonar um Ísland hér að framan). Þegar börn búa til skiptis á tveimur heimilum langtímum saman, verða til nýjar aðstæður sem krefjast nýrra hugtaka. Í Bandaríkjunum er talað um "*joint legal custody*" og "*joint physical custody*" sem á íslensku væri "sameiginleg forsjá" og "sameiginleg forsjá og jöfn búseta". Í Svíþjóð eru sambærileg hugtök "*gensam värdnad*" og "*växelvis boende*". Växelvis boende og joint physical custody nefna Frakkar "*residence de alternence*" og Norðmenn "*delt bosted*". Þegar umgengni barns við ELF er orðin meira en 33% þá nefna Svíar það jafna eða skipta búsetu (Växelvis boende). Í Kanada er jöfn búseta skilgreind sem búseta að lágmarki 40% á öðru heimili. Að auki er skilgreint í Kanada *"split custody"* en það er þegar hjón skilja og lögheimili annars barnsins er hjá móður en hins hjá föður.[95] Skilgreining um jafna búsetu hefur fengið takmarkaða umfjöllun á Íslandi.

---

[94] In the best interest of children (2008) — *Reforming the Child Support Scheme* Report of the Ministerial Taskforce on Child Support, Commonwealth Australia.

[95] The Federal Child Support Guidelines (2006) aðgengilegt á: http://www.justice.gc.ca/en/ps/sup/pub/guide/guide.pdf

Fræðimenn í skilnaðarrannsóknum eru sammála um að kostir reglulegra og náinna samvista skilnaðarbarna við báða foreldra séu ótvíræðir.[96] Börn sem hafa ríka búsetu hjá báðum foreldrum spjara sig betur. Löggjöf ýmissa ríkja hefur þannig sett sameiginlega forsjá og jafna búsetu sem meginreglu. Í endurskoðuðum barnalögum Svía frá árinu 2005 er ítrekað mikilvægi þess að báðir foreldrar beri áfram ábyrgð á uppeldi barna, en í greinargerð með lögunum segir:[97]

"Regeringen konstaterar att barn har behov av nära och goda relationer till båda sina föräldrar även om föräldrarna bor isär. Föräldrabalkens regler om vårdnad och umgänge bygger på den uppfattningen. För barnets skull är det viktigt att båda föräldrarna är delaktiga i barnets förhållanden och tar ansvar för barnet."

Árið 1984 völdu 1% af skilnaðarforeldrum í Svíþjóð jafna búsetu fyrir börn sín en árið 2004 völdu 20% af skilnaðarforeldrum það fyrirkomulag.[98] Frakkar hafa frá árinu 2002 haft jafna búsetu sem meginreglu[99,100] og Belgar frá 2006.[101] Frakkland og Belgía eru þau tvö lönd sem hafa samkvæmt bresku skýrslunni mjög takmarkað opinbert meðlagskerfi, en þau virðast hafa löggjöf sem gengur hvað lengst í að tryggja rétt barna til tveggja heimila eftir skilnað foreldra. Norðmenn og Danir sem hafa þegar sameiginlega forsjá sem meginreglu hafa fjallað um að gera sameiginlega forsjá og jafna umönnun að meginreglu.[102,103] Samkvæmt íslenskum rannsóknum sem gerðar voru á árinu 1997-1999 töldu foreldrar í 9% tilvika að börnin ættu heima hjá báðum foreldrum þegar foreldrar bjuggu ekki saman.[73] Það hefur engin umræða farið fram á Alþingi um að gera jafna umönnun að meginreglu. En nú liggur fyrir Alþingi Íslands frumvarp Daggar Pálsdóttir alþingismanns þar sem m.a. er lagt til að barn geti átt tvö lögheimili og að dómarar fái heimild til að dæma í sameiginlega forsjá.[104]

Lönd í Evrópu og ríki í Bandaríkjunum hafa með markvissum hætti verið að treysta lagalegan rétt barna til beggja foreldra. Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eru skýr ákvæði um að börn skuli að meginreglu alast upp hjá báðum foreldrum.[105] Löggjafi hinna ýmsu landa hefur

---

